

Dalalæðan

4. árg. 1. töl. 1. febrúar 1991

Útgefandi: Íbúasamtökin Víðihöll í Mosfellsdal

Ritnefnd: Bjarki Bjarnason (ábm.), Auður Eiríksdóttir,

Ásgeir Indriðason, Pétur Jökull Hákonarson.

Tölvuvinnsla: Birgir Ingimarsson.

Gleðilega hátíð!



Þorablót 1991

Bakkakotsvöllur í Mosfellsdal.

Nýr golfvöllur hefur bætst í hópinn. 9-holu golfvöllur í landi Minna-Mosfells í Mosfellsdal, með sínar sex par-4 holur og þrjár par-3, en miðað við 18 holur er völlurinn par 66, 4130 metrar.

(Stefnt er að því nú í sumar að lengja 4. braut, þannig að 4. hola verði par-4, og völlurinn þar með "par 68")

Að stærstum hluta er þessi nýi golfvöllur á gamalgrónum túnum, en ræktun þeirra má rekja allt aftur til þess er Árni Eylands kom í dalinn fyrir u.þ.b. sextíu árum með "Þúfnabanann", brautryðjanda nýtísku jarðvinnsluvéla, sem skreið út í íslenska þýfið löngu áður en traktorinn tók þar völdin. En til þessara tímamóta mun mega rekja orsökina til þess að grasbýlið Lundur skiptist frá prestssetrinu.


Tilviljun réði því að golfvöllur fæddist í Móatúninu segir Steinar Guðmundsson forsvarnaður vallarins. Hann átti þarna dágóða landspildu, sem reyndar var í ábúð, en að því kom að ábúandi vildi minnka við sig og virtist hrossabeit því blasa við, en við það gátu hvorki Steinar né Guðmundur bóndi sætt sig. Þá fæddist hugmyndin um golfvöll og var Geir Svansson, golfvallarhönnuður fenginn til að mæla völlinn út.

Innan vallarsvæðisins er kaldavermsl sem Guddulaug heitir. Búið var að virkja þetta vatnsból og tengja veitu Mosfellsbæjar. En þegar völlurinn var stunginn út á korti var ekki reiknað með mjög slæmu jarðbroti sem af misgáningi hafði verið framið þegar laugin var virkjuð. Þetta varð til þess að annað hvort varð að hefja dýrar framkvæmdir með jarðvinnsluvélum (ýtu) eða minnka völlinn. Seinni kosturinn var valinn en það land sem króaðist af verður vafalaust tekið til notkunar seinna.

Í stað 9-holu vallar var því ákveðið að láta 6-holu völl nægja til að byrja með. En samt var ekki komist hjá því að skáskjóta augum til fallegra flata sem komnar voru í eigu Mosfellsbæjar en tilheyrðu Móatúni.

Og svo dattu kúlurnar í lukkupottinn. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar sem fylgst hafði með því sem þarna var að gerast fagnaði þessu framtaki með því að samþykkja einróma að leggja til vallarins það sem vantaði svo hann mætti verða bæjarfélaginu til sóma sem alvöruvöllur. En 9-holu völlur er talinn alvöruvöllur og í mörgum tilvikum eftirsóttari heldur en 18-holu keppnisvöllur.

Nú er þessi völlur kominn í gagnið því laugardaginn 18. október 1990 ver efnt til golfkeppni og eins og vera ber þá voru það golfarar úr röðum Mosfellinga sem stjórnðu kúlum og kylfum á Bakkakotsmótinu, fyrsta opna golfmótinu í Mosfellsdal. Til að byrja með munu þeir feðgarnir Steinar og Magnús sonur hans sjá alfarið um rekstur vallarins, m.a. slátt og skála og innheimtu vallargjalda, en Snorri sonur Önnu og Gísla í Brekkukoti verður general í landlagsgeiranum.



Skráning um aðild að Golfklúbbi Bakkakotsvallar er þegar hafin og er reynt að stilla félagsgjaldi í hóf sem mest má vera. En þar sem búast má við þenslu á þessum velli ekki síður en á hinum sem fyrir eru hefur verið ákveðið að takmarka tölu aðalfélaga, en auk þess verður einhverjum tilteknum fjölda af félagsmönnum annarra golfklúbba boðin aukaaðild gegn mun lægra gjaldi.

Um framhaldið vilja þeir Steinar, Magnús og Snorri ekkert segja annað en það, að vonandi verði Guð og lukkan þar í forsæti eins og verið hefur allt frá því að lagt var af stað út í ævintýrið.



MOSFELLS APÓTEK

opið 9-18.30 virka daga
9-12 laugardaga

Fyrnd bæjarnöfn í Dalnum.

Hytta.

Fyrir norðan Köldukvísl eru á Mosfelli 4 túnspildur nokkuð aðgreindar. Sú sem er þeirra mest er um 3 hektarar og hefir frá fornu fari gengið undir nafninu Hytta. Þarna var fyrrum hjáleiga frá Mosfelli, sem fylgt hefir dálítill grasnyt, því seinasti ábúandi á þessu koti er sagður vera bóndi.

Menn hafa stundum velt því fyrir sér, hvernig stæði á þessu nafni á hjáleigunni, en það er að jafnaði ritað Hitta. Vafalaust er þó hér á ferðinni danska orðið hytte, sem merkir kofi eða kot, enda hafa sumir prestar ritað svo í sálmaregistri, Hytta.

Ekki leikur á tveimur tungum, að kotið að tarna hefir verið lítið og kostarárt, enda urðu fjölskyldur þar ekki mosavaxnar, og vafalaust hafa ábúendur orðið að grípa í verk af bæ til að sjá sér og sínum farborða. Samt bjó þarna 7 manna fjölskylda fyrir miðja öldina, önnur en sú, sem seinast bjó í kotinu.

Eftir heimildum að dæma hefir Hytta endanlega farið í eyði árið 1865. Á ofanverðu ári 1854 búa þarna hjón með 5 börn á aldrinum 2-13 ára, en svo enginn ári seinna. Seinasti bóndi í Hyttu var Sæmundur Erlendsson, en kona hans var Guðný Vigfúsdóttir. Bæði eru þau hálfertug árið 1864. Vitnisburður þeirra hjóna er sá, að þau séu bæði læs, þau séu ráðvönd, kunnátta þeirra beggja sé nægjanleg og bókakostur heimilsins sé viðunandi, og mun þar einkum miðað við guðsorðabækur. Tvö elstu börnin 11 og 13 ára eru og læs á bók.

Þau Sæmundur og Guðný bjuggu í Hyttu í örfá ár. Enginn veit nú um stundir, hvaðan þessa dalbúa bar að né hvert þau fara, þegar þau hverfa út í sorta gleyskunnar. Vafalítið mætti þó fá nokkra vitneskju um þetta með yfirlegu. Enn þann dag í dag geta kunnugir bent á, hvar litli bærinn þeirra stóð.

Laxnestunga.

Á 5. áratug seinustu aldar var þrífýli í Laxnesi, enda víða tví- og þrífýli á þessum árum hér í byggð. Árið 1849 búa þau þarna hjónin Ásgrímur Jónsson og Sigríður Benediktsdóttir ásamt börnum sínum tveimur, Þorbjörgu 8 ára og Benedikt 5 ára. Auk þess er á heimili þeirra 11 ára dóttir bónda. Sjálf eru hjónin þá 32 ára. Líkur benda til, að þau hafi haft þann hluta jarðarinnar til ábúðar, sem seinna gekk undir heitinu Laxnestunga.

Sigríður húsfreyja lést í ágúst 1861 og er þá sögð eiga heima í Laxnesi. Ástæða er til að ætla að hún hafi orðið bráðkvödd. Árið eftir er Ásgrímur vinnumaður í Laxnesi. Og er þau hjón úr sögunni að þessu sinni. Hins vegar er Benedikt sonur þeirra tvítugur vinnumaður í Laxnestungu árið 1865.

Og nú fletum við upp í Lögfræðingatali, prentuðu 1950. Þar er heil blaðsíða skráð um Gunnar Espólin Benediktsson, f. í Reykjavík 1891, en hann var kunnur lögfræðingar í borginni á sínum tíma. Faðir hans var Benedikt nokkur Ásgrímsson gullsmíður í Reykjavík, fæddur í Laxnesi. Aftur á móti er sonur Gunnars enginn annar en Birgir Ísleifur, fyrr borgarstjóri, alþingismaður og ráðherra, en seðlabankastjóri frá 1. febrúar 1991.

Bjarni Sigurðsson frá Mosfelli.

Leikhús í Mosfellsdal.

Það mun hafa verið á árunum kringum 1960 að mörg okkar sem þá voru að vaxa úr grasi í Mosfellsdal fengum leikhúsdellu. Við sýndum leikrit í allskonar skúrum og skúmaskotum, við lítinn fögnuð skúreigenda enda fyrirgangurinn mikill og ekki alltaf gengið vel um, eða tekið til eftir sýningar. Okkur var því smám saman úthýst hjá flestum skúreigendum. En þá ver það eitthvert haustið að okkur datt hlaðan "úti á vegi" í hug (núna er hlaðan strafsmannahús Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.). Hlaða þessi ásamt sambyggðu fjárhúsi var hluti af dánarbúi Stefáns í Reykjadal. Húsnæði þetta stóð ónotað, og okkur fannst tilvalið að reka þarna leikhús. Annar endi hlöðunnar hafði átt að vera hesthús, en aldrei lokið við að innrétta það, aðeins búið að setja rimlagólf. Það var í þessu væntanlega hesthúsi sem okkur fannst vera tilvalin aðstaða til að gera leiksvið og hafa þar leiksýningar.

Við vissum að séra Bjarni á Mosfelli hafði eitthvað með þessa húseign að gera, og upphöfust nú mikil fundarhöld um það hver mundi þora að fara og tala við séra Bjarna. Það var svo á endanum að Stjáni Einars gaf sig fram og vildi röltu upp að Mosfelli ef við hin yrðum ekki langt undan. En það er skemmst frá því að segja að leyfið var auðfengið. Var nú hafist handa fullum krafti og miklum hamangangi að smíða, bekki og leiksvið, negla fyrir glugga og fleira sem tilheyrði. Timbrið var á staðnum og var tekið traustataki, en naglar munu hafa verið illa fengnir á ýmsum stöðum. Einnig var sett upp fortjald úr tveim rauðum ullarteppum. Við höfðum smápláss til hliðar fyrir búningsaðstöðu, og til að geyma leikmuni. Þá vorum við með eina 3 ljóskastara og einhverskonar rafmagnstöflu með dimmi þannig að við gátum deytt ljósin, mjög fullkomið! Stundum var ansi hlaðið á þessa töflu og sprungu því oft öryggin jafnvel á miðri sýningu, en áhorfendur kvörtuðu aldrei.

Við munum hafa verið með sýningar þarna í eina 3 vetur, alltaf var sýnt á sunnudögum, stundum 2 sýningar á dag. Ég held það hafi nærri alltaf verið uppselt, en miðar voru seldir daginn fyrir sýningu, stundum gengið í hús til að selja. Halldóra á Mosfelli kom að ég held á nánast allar sýningar hjá okkur, og sat ávallt í betri sætum, í gömlum borðstofustól með háu baki. Stundum þurftum við að bæta við svona stólum ef von var á fleiri tignum gestum heldur en henni. Ég man eftir á einni sýningu þurftum við að fá lánaða stóla úr stofunni á Varmalandi því að það var von á svo mörgum fullorðnum. Þá voru meðal gesta bæði presturinn og organistinn ásamt hreppstjóranum og frúm þeirra að ég held. Það má því nærri geta hvort öllu hefur ekki verið tjaldað til fyrir þessa sýningu. En margt af þessu fólki og margir fleiri var okkur oft ákaflega hjálplegt með ýmislegt sem okkur vantaði í sambandi við sýningarnar.

Öll þau leikrit sem við sýndum voru frumsamin, stundum kannski einhver saga höfð til hliðsjónar. Æfingar á hverju stykki tóku svona 3-4 vikur, eftir því hvað mikið var við haft. Alltaf var selt poppkorn í hléinu. Það var því oft í mörgu að snúast fyrir hverja sýningu.

Ég held að flest börn og unglingar í Dalnum hafi einhvern tímann og á einhvern hátt komið nálægt þessari starfsemi. Stundum slettist upp á vinskapið ef menn voru ekki ánægðir með það hlutverk sem þeir fengu, samstaðan í heild var góð. Það er allavega bjart yfir minningu þessa tíma.

Birgir Sigurðsson


Mannfagnaðir á vegum Dalbúafélagsins

1. Þorablót Víghóls 1990.

Blótið var haldið 27. jan. í Hlégarði. Mættu þar rúmlega 100 manns og lék lúðrasveit Dalbúa inngöngumarsana að venju. Hlaðborð var með þorramat, sem alltaf er vinsæll hjá Dalbúanum. Ekki náðist neitt verulegt fjör í dansinn enda var hljómsveitin hálfþreytt, (og fær sveitin sú frí frá Dalbúum hér eftir!) Heimferðin var allsöguleg, því rútan fór heim á hlað til Péturs og Kolbrúnar og sat þar föst. Var Þorablótið síðan framlengt með hákarlsáti hjá þeim heiðurshjónum, þar til bílar komu á vettvang til að keyra þrúðbúið fólkið heim í snjóköfinu.

2. Gróðursetning og sumarhátíð.

Ákveðið var að slá saman sumarhátíð og gróðursetningardegi og var slegið upp stórtjaldinu hennar Dunu og veitti ekki af til skjóls, því hellidambu gerði öðru hverju. Keyptar voru myndarlegar greniplöntur auk þess sem Jón Jóhannsson frá Dalsgarði gaf margar víðiplöntur. Eftir að þessum trjám var potað niður hefur lundurinn þarna orðið sjáanlegur og blasir við þegar ekið er um Dalinn. Eftir gróðursetningu var svo haldin grillveisla og boðið upp á pylsur og vegakótiletur sem viðstaddir voru snöggir að hesthúsa og renndu því niður með bjór eða gosi (eftir alðri). Alls komu um 30 manns og vonandi verður hópurinn stærri næsta sumar.



3. Gamlárbrenna.

Myndarlega brenna var að venju í Hrísrúarlandi, og fuðruðu þar upp alls kyns gamlar spýtur, grænir fjaðrasófar, rúm og innviðir gamalla húsa. Veður var gott, stjörnuþjart, þó ansi mikið frost og olli það nokkrum vandræðum við lúðrablasturinn, því lúðramir og fingur tónlistarfólksins frusu fastir.

Mikill mannfjöldi var mættur við brennuna og var sungið og dansað eins og venja er. Hróður Dalbúa virðist sífellt vera að aukast, því alltaf bætast nýir niðursveitungar í hópinn við hver áramót. Guðvarður á Grund er löggiltur brennukóngur Dalsins og á heiður skilið fyrir vasklega framgöngu við að magna upp eldinn með olú og öðru eldfimu sem til fellur.

4. Jólabball.

Jólabballið var haldið í Reykjadal 5.jan. '91 og mættu rúmlega 70 manns, flestir börn. Dansað var kringum jólatré og sungið. Jólásveinar mættu og skemmtu börnunum og gáfu þeim gott í poka. Eftir það var borið fram kaffi og meðlæti og samkomunni lauk með því að skotið var upp flugeldum og kveikt á stjörnuljósum. Jólabballið var hið ánægjulegasta og væri allt í lagi að meira kæmi af fullorönu fólkinu til að spjalla saman yfir kaffibolla meðan börnin fara í dansinn.

Auður Eiríksdóttir.



Mosfellsgar. Verslið ódýrt!

NÓATÚN

MOSFELLSBÆ · SÍMI 666656 ·

Ljósmyndir.

Víghóll hefur hug á að koma upp einhvers konar ljósmyndasafni með gömlum og nýjum myndum frá mannlífinu hér í Dalnum.

Á einhver til dæmis myndir frá fyrsta þorablóti Dalbúa?

Eða frá leikstarfseminni í Hlöðuhúsum?

Hafið þá samband við Auði á Laugabóli.

Merkisafmæli.

Jóel Kr. Jóelsson garðyrkjubóndi á Reykjahlíð varð sjötugur þ. 22. jan. sl. og óskar Dalalæðan honum til hamingju með afmælið.

Þá verða fleiri stórafmæli á árinu, því Hlíf Gunnlaugsdóttir á Æsustöðum verður áttæð 9. mars n.k. og einnig verður Stefán Sch. Thorsteinsson í Árvangi sextugur í desember.

Minningar úr Reykjadal.

Það var tilviljun sem réði því að ég réðst sem garðyrkjumaður til Stefáns Þorlákssonar garðyrkjubónda og spekulants í Dal 1948. Ég lauk námi við Garðyrkjuskóla ríkisins vorið 1947 og vann við skrudgarðyrkju það sumar og vorið '48. Í júní frétti ég hjá móðursystur minni búsettri hér í sveit Magneu Þóru konu Einars Leós borstóra hjá Hitaveitu Reykjavíkur að það vantaði garðyrkjumann á gróðrarstöðina í Dal.

Ég sótti um og fékk stöðuna 16. júlí. Það var nokkur bíræfni að ég svona ungur með litla reynslu skyldi ætla mér að taka við gróðrarstöð í eigu manns sem hafði margra ára þjálfun í reksti gróðurstöðvar. Kynni okkar Stefáns fóru hægt af stað. Ég vann einn í stöðinni og áður en ég flutti í íbúðarhús stöðvarinnar var ég fyrst í fæði hjá ráðskonu Stefáns, Guðbjörgu (Bubbu). Fór á milli til Reykjavíkur með rútunni morgna og kvölds. Þegar íbúðarhúsið losnaði úr ábúð fyrri garðyrkjumanns fluttum við hjónin (en við giftum okkur í maí um vorið) í húsið og má segja það hafi verið mikil hlunnindi á þeim tíma. Engir skriflegir samningar voru gerðir um ráðningu mína. Föst laun kr. 1800 á mánuði frítt húsnæði og hiti.

Stefán annaðist sjálfur sölu framleiðslunnar fyrstu mánuðina og fékk ég aldrei að vita hvernig sú sala gekk. Ég annaðist ræktunina og vann frá kl. 7.30 á morgnana og til þess tíma á kvöldin að fært þótti að hætta vinnu, virka daga sem helga. Kynni okkar Stefáns urðu nánari en aldrei þannig að það myndaðist náði samband eða vináttu. Hann hélt hjúum sínum í hæfilegri fjarlægð.

Það var viss ljómi í kringum spekulantinn Stefán Þorláksson. Hvernig kom hann mér fyrir sjónir og hver varð reynsla mín af hans umtalaða ágæti? Eins og segir í Innansveitarkroniku Halldórs Laxness braust Stefán fram úr litlum efnum jafnvel fátækt til efnamanns sem lét peninga vinna fyrir sig með hagsýni og áræði. Hann veðjaði á framkvæmdir með misjöfnum árangri en hélt þó alltaf höfði. Hann var harður í viðskiptum við alla, því peningar voru hans afl. Þetta kom niður á launum til starfsmanna. Þeim var haldið niðri samkvæmt fyrstu munnlegu samningum og ef minnst var á launahækkun var sagt: "Húsaleigan hefur hækkað, ja þú getur bara hætt störfum ef þú ert óánægður."

Það var nú hægara sagt en gert á þeim tíma. Húsnæði var ekki í lausu og það á

vinnustað svo áfram var unnið á sömu launum í áraraðir þar til ég tók ásamt Hjalta Jakobssyni stöðina á leigu. Ekkert sumarleyfi var tekið nema einu sinni eina viku og þá borgaði ég laun staðgengils. Fastheldni á peninga var Stefáni áskapað en hann kastaði krónum í vafasamar framkvæmdir en var smásál á aurana.

Hann sóttist eftir vinfengi fólks sem stóð upp úr með þekkt nöfn og sýndi því vinfengi með því að ausa það blómum við ýmis tækifæri. Er mér í fersku minni spennan um hver jól er hann ók 2-3 ferðir frá gróðurstöðinni með hlaðinn bíl af blómakörfum til vinanna. Afgreiðsla á blómum og skreytingum höfðu engan fyrirvara. "Ég þarf þetta á morgun", var hans skipan og henni varð að hlýða hvernig sem stóð á.

Sennilega hefur Stefán aldrei verið barn sem fengið hefur hlýju foreldra í uppleidi. Hann lagði nánast fæð í börn og umgekkst þau ekki ef kostur var. Börn fundu kuldann og forðuðust hann. Þó voru ljósir punktar í hans líferni. Hann átti til að hjálpa með reisu þeim sem leituðu til hans og lagði sig fram um það en það fór ekki fram hjá neinum.

Stefán var skipaður hreppstjóri sveitarinnar á efri árum og fann þá nokkuð til síns máttar auk peninganna. Hann hafði lag á að fá aðstoð við embættisfærslur því sjálfur hafði hann aðeins barnaskólanám og reynslu að baki. Hann sinnti þessu embætti til dauðadags.

Eftir andlát Stefáns urðu margar spurningar til. Það var skipuð opinber nefnd til að annast uppgjör dánarbús. Hann átti einn ættingja fjarskyldan á lífi sem ekki var tilnefndur í erfðaskrá. Það var boðað til eins mesta uppboðs lausafjár einstaklings seinustu ára og var mikið tilstand því Stefán var safnari á nýta sem ónýta hluti. Þetta var hátíð í augum þeirra er sóttu uppboð. Það var fjölmenni í Dal þennan dag.

EKKI VEIT ÉG TIL ÞESS AÐ STEFÁN HAFI SÝNT SAMBORGURUM SÍNUM OG SAMFÉLAGI SÉRSTAKA RÆKTARSEMI Í LIFANDI LÍFI NEMA ÞÁ KVENFÉLAGI LÁGAFELLSSÓKNAR. En hann gleymdi ekki nafni sínu þegar hann ánaðnaði stórum hluta auðs síns til byggingar kapellu á Mosfelli. Kapellann stendur þar til minningar um mann sem var stórhuga framkvæmdamaður er fór sínar leiðir hvað sem öðrum fannst.

Ég lýk hér hugleiðingum mínum um veru mína í Mosfellsdal þann tíma er ég var garðyrkjumaður þar. Auk þess að kynna Stefáni Þorlákssyni með blendnum huga áttum við hjónin og börnin nán samskipti við marga nágranna sem ætíð sýndu okkur velvild og hlýhug. Við eigum margar góðar minningar úr Dalnum. Íbúum Mosfellsdals sendi ég bestu kveðjur.

Einar í Dal.

**KAUPFÉLAG
KJALARNESÞINGS**



Sími 666 226 – Kaupfélagsstjóri 666 450

Sex kindur og þrjár kýr.

Eins og fram kemur annars staðar hér í blaðinu heitir nýi golfvöllurinn í Mosfellsdal Bakkakotsvöllur.

Nafnið er ekki úr lausu lofti gripið því á sínum tíma var lítið kot á þessum slóðum sem hét Bakkakot. Það var hjáleiga frá prestsetrinu á Mosfelli. Í Jarðabók Árna Magnússonar (sá sem er á hundrað kallinum) og Páls Vídalín er sagt svo frá Bakkakoti:

Bakkakot. hjáleiga af þessu beneficio.

Dýrleikinn er óviss.

Ábúandinn Marteinn Sigurðsson, býr á hálfri, en hálfa lætur staðarhaldarinn brúka.

Landskuld xxx álnir af hálfri. Jafnmikið af hinu þegar bygð var. Betalast í öllum gildum landaaurum, sem ábúandi megnar úti að láta, og er bæði kvikt og dautt tekið uppá landsvísu.

Við til húsbótar leggur ábúandi með nokkrum styrk staðarhaldarans.

Leigukúgildi í með hálfri, annað fylgdi hinum so lengi byggt var. Leigur betalast í snjóri til staðarhaldarans. Kúgildið uppfngir staðarhaldarinn.

Kraðir eru mannslán um vertið og vorlíma, ítem dagsláttur einn með skyldu og stundum annar fyrir bón, og gegnir ábúandinn sá, sem nú er, þessum báðum að fullu. En þegar tveir bjuggu á, voru tvö mannslán kölluð og tveir dagslættir.

Kvikfjænaður ii kýr, i kviga tvævetur mylk, iii ær með lómbum, ii gimbrar veturgamlar, i hross.

Fóðrast kann á hálfri ii kýr og i úngneyti og jafnmikið á hinni, sem presturinn brúkar.

Heimilismenn hjá Marteini iii.

Torfristu, stúngu og eldiviðartak brúkar ábúandinn fri í staðarins landi.

Steinar Guðmundsson sem á veg og vanda að uppbyggingu golfvallarins átti einnig hugmyndina að nafngiftinni. Hann þykist þess viss að Bakkakot hafi staðið miðja vega á milli Laxness og Minna-Mosfells á bökkum Laxneslækjar. Steinar hefur grannskoðað þessar rústir og telur að út úr þeim megi lesa eftirfarandi húsaskiöpan í Bakkakoti:

Efst á bæjarhólnum er “borg” upphlaðin, sennilega hlaða, fjós og hesthús í einu rúmi. Dyr snúa í vestur en í suður er innangengt í “baðstofu”. Úr baðstofu eru dyr út og líka innangengt í “eldhús”. Tengt eldhúsi í suður er smáhýsi, sennilega skemma eða móhús.

Svolítið vestar, móti suðri, má greina tóft sem vel getur hafa rúmað þessr sex skjátur sem um er getið í Jarðabókinni.

Öruggasta vatnsbólið í allri sveitinni var svo í skjóli við bæjarhólinn niðri í kvosinni við Guddulaug.

Messan á Mosfelli

Eitt þekktasta kvæði Einars Benediktssonar hefst á þessu erindi:

Ein saga er geymd og er minningarmerk
um messu hjá gömlum sveitaklerk.
Hann sat á Mosfelli syðra.
Hann saup; en hann smaug um Satans garn.
Í sál bar hann trú, en dró kjólinn í skarn,
- einn herrans þjónn og eitt heimsins barn,
með hjarta sem kunni að iðra.

Í þessu kvæði er sagt frá ónefndum presti á Mosfelli sem þótti ölkær um of. Þannig vildi til að eitt sinn þegar prestur var við skál kom biskup landsins í vísitasíuferð á Mosfell. Presturinn brást þannig við að hann bauð yfirmanni sínum í kirkju og messaði yfir honum:

"Velkomnir, kirkju og valdstjórnar menn!"
Hann varpaði kveðju á alla senn -
einart, en án þess að þóttast.
Svo gekk hann og yrti á hvern einn fyrir sig
þeim orðum: "Ekki hræðir þú mig.
Og biskup, ei heldur hræðist ég þig.
Á himnum er sá, sem ég óttast."

Og seinasta erindið er svona:

Þar heyrðu þeir prest - við eitt bláfátækt brauð,
og brjóst þeirra eigin fundust svo snauð,
en bróðirn brotlegi ríkur. -
Í minnum er höfðingja heimreiðin enn.
Þeir hurfu í messulok allir senn.
Og það voru hljóðir, hógværir menn,
sem héldu til Reykjavíkur.

Eins og áður kom fram hefst kvæðið á þessum orðum:

Ein saga er geymd Þegar betur er að gáð er sagan alls ekki geymd í skrifaðri sögu, hefur sem sagt aldrei komist á prent. Samt er ekki að efa að einhver saga sönn eða login hafi verið á sveimi hér áður fyrir um þennan nágranna okkar á Mosfelli. Þessi saga hafi síðan verið kveikjan að kvæði Einars.

Og þá vaknar spurningin: Hver var hann þessi ölkæri prestur á Mosfelli? Langt er síðan að fólk byrjaði að tengja þessa sögu og kvæði við ákveðinn prest.

Hann hét Jóhann Knútur Benediktsson og var fæddur á Mosfelli 4. ágúst 1819. Hann þjónaði Mosfelli aðeins í þrjú ár eða frá 1862-1865.

Síðan gerðist hann prestur austur í Skaftafellssýslu og andaðist á Kálfafellsstað 19. mars 1887.

Að lokum má geta þess að Einar Benediktsson þekkti vel til Jóhanns Knúts. Kona Jóhanns var nefnilega föðursystir skáldsins!

Byrgði úti sorg og sút
saup af stúti reifur.
Biskupshrútin kvað í kút
Jóhann Knútur hreifur.



Jóhann Knútur Benediktsson
prestur að Mosfelli, leikur á langspil.

Bjarki Bjarnason.

Fréttir af fundi.

Aðalfundur Vígólfs 1990 var haldinn í Reykjadal þann 6. desember. 19 Dalbúar voru mættir. Fundarstjóri var Bjarki Bjarnason og Gísli Snorrason ritaði fundargerð.

Sérstakur gestur fundarins var Salóme Þorkelsdóttir þingmaður.

Hún ræddi ýmis mál sem tengjast hagsmunamálum Dalbúa. Mestur tími fór í að ræða vegalýsingu í Dalnum. Salóme á ásamt öðrum þingmönnum kjördæmisins sæti í nefnd sem útteilir fjármagni til umferðar- og öryggismála í kjördæminu. Hún sagðist hafa lagt það til í nefndinni að fé yrði veitt til vegalýsingar í Mosfellsdal.

Kvaðst Salóme gera sér góðar vonir um að úr þessum málum rættist á næstunni. Ekki var rætt um höfuðföt í þessu sambandi!

Síðan var gengið til venjulegra aðalfundarstarfa og flutti Pétur Jökull Hákonarson formaður félagsins skýrslu stjórnar.

Auður Eiríksdóttir á Laugabóli sem er gjaldkeri félagsins lagði fram reikningana og var engin athugasemd gerð við þá.

Næsti dagskrárliður var kosning í stjórn félagsins og er skemmt frá því að segja að öll stjórnin var endurkjörin. Í stjórninni eru því:

Pétur Jökull Hákonarson Brávöllum formaður.

Auður Eiríksdóttir Laugabóli gjaldkeri.

Ásgeir Indriðason frá Víðigerði er ritari.

Endurskoðandi félagsins er Guðrún Karlsdóttir Sigtúni.

Þá var kosið í gróðurreiðsnefnd og var hún öll endurkosin. Í nefndinni sitja því: Gísli Jóhannsson Hveramýri, Guðný Halldórsdóttir Melkoti, Fróði Jóhannsson Dalsgarði og Björn Sigurbjörnsson Hreggsstöðum.

Nokkrar umræður urðu um sumarhátíðina og var ákveðið að reyna að hressa upp á hana næsta sumar og sérstök nefnd kosin í málið: Sigríður í Jónstótt, Guðrún í Skuld, Guðlaug á Dalsá og Signý á Furuvöllum.

Þá var komið að þorablótinu. Einkum var rætt um að rýmka reglur um aðgang að þessari eftirsóttu skemmtun þannig að Dalbúar gætu tekið með sér gesti. Talsverðir umræður urðu um þetta mál og síðan samþykkt að rýmka reglurnar og undirbúningsnefndinni falið að vinna þessar reglur í smáatriðum.

Í fundarboði hafði stjórnin beðið um tillögur að nafni fyrir gróðurreit félagsins. Engar beinar tillögur komu að nafngift en flestir virðast kalla reitinn Guðmundarreit. Þessu nafngiftarmáli var vísað til aðalstjórnar eftir talsverðar umræður.

Undir liðnum önnur mál voru það einkum ýmis hagsmunamál sem brunnu á fundarmönnum. Má þar nefna skólaakstur, snjósmokstur, almenningsvagna, skipulagsmál og umferðaröryggismál.

Fundarmenn sáu að þessi listi væri orðinn svo langur að ástæða væri að efna til almenns borgarfundar hér í Dalnum með forsvarsmönnum bæjarfélagsins.

Sérstök undirbúningsnefnd var kosin til að undirbúa þennan fund. Í þeirri nefnd voru kosin Hreinn í Helgadal, Pétur á Brávöllum, Sigríður í Jónstótt, Jón á Furuvöllum, Guðvarður á Grund og Auður á Laugabóli.

Pétur Jökli var falið að kalla saman þetta kjarnalið í janúar eða febrúar 1991.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og var honum slitið á miðnætti.